

## 23. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar eignir verða eign Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps, en ábyrgðarmenn, sem þá eru við sjóðinn, skulu hafa rétt til þess að ráðstafa því fé nánar með samþykki stjórnarráðsins.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með. Jafnframt eru felldar úr gildi samþykktir nr. 228 18. des. 1943 fyrir sparisjóð Svarfdæla með áorðnum breytingum.

*Viðskiptaráðuneytið, 12. desember 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Yngvi Ólafsson.*

17. desember 1974.

Nr. 402.

**S A M Þ Y K K T**

fyrir Brunavarnir Árnessýslu.

## 1. gr.

Stofnendur Brunavarna Árnessýslu (B. Á.) eru eftirtalin sveitarfélög:

Selfosshreppur,  
Gaulverjabæjarhreppur,  
Hraungerðishreppur,  
Sandvíkurhreppur,  
Skeiðahreppur,  
Villingaholtshreppur.

Aðsetur og varnarþing B. Á. er á Selfossi.

## 2. gr.

Tilgangur Brunavarna Árnessýslu er að koma á sem fullkornustum brunavörnum á samningssvæðinu, annast þær og kosta. Í því skyni skulu þær m. a. reka slökkvilið og búa það öllum nauðsynlegum tækjakosti, byggja slökkvistöð á Selfossi og koma á fullkomnu eldvarnaeftirliti á félagssvæðinu. Unnið skal að því, með upplýsingastarfssemi og fræðslu, að fólk kunnir sem best skil á því, hver viðbrögð séu vænlegust til hjargar, ef eldsvoða ber að höndum. Í því sambandi skal að því stefnt, að handslökkvitæki af viðurkenndri gerð séu á hverju heimili. Varðandi sveitahreppana skal félagið m. a. vinna að eftirfarandi, eftir því sem frekast er unnt:

- a. Að samin verði fyrir hvern hrepp ítarleg skýrsla um byggingar, vegi, vatnstökuskilyrði og annað, er máli skiptir um aðstöðu hvers býlis og byggingar. Skal eintak af spjaldskrá þessari geymt í slökkvibíl.
- b. Að í sveitahreppunum verði komið upp hjálfuldum hjálparsveitum, 5—7 mönnum í hverjum hreppi. Menn þessir skulu vinna með slökkviliði Selfoss. Yfirmaður og varamaður hans skal ákveðinn fyrir hverja hjálparsveit og skal sá yfirmaður stjórna hjálparsveit hreppsins, sem og öðrum hjálparmannskap, ef eldsvoða ber að höndum, uns slökkviliðsstjóri Selfoss kemur á staðinn.
- c. Að á hverju sveitabýli sé til stigi, sem nái til björgunar frá efstu hæðum húsa.
- d. Að til séu líflínur ásamt gluggakrókum, þar sem hús eru tvær hæðir eða meira.

## 3. gr.

Brunavarnir Árnessýslu kaupa slökkvibúnað slökkviliðs Selfosshrepps, sem og slökkvistöðina á Selfossi. Félagið kaupir einnig slökkvibifreið þá, sem nú er í eigu sveitahreppanna fimm, ásamt öllum búnaði, sem henni fylgir.

Stofnkostnað samkvæmt framansögðu, sem og annan stofnkostnað, skulu sveitarfélögin greiða í sömu hlutföllum og þau greiða rekstrarkostnað B. Á., sbr. 4. gr.

Aðilar skulu reyna að ná samkomulagi um verð á framangreindum eignum. Takist það ekki, þá skal sýslumaðurinn í Árnessýslu tilnefna tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta þær til verðs.

#### 4. gr.

Árlegum kostnaði við rekstur B. Á. skal skipt á sveitarfélögin í hlutfalli við samanlagt váttryggingarverðmæti húsanna í hverjum hreppi.

Hlutfallstölur eru nú þessar:

	Samanlagðar tryggingaupphæðir	Hundraðshlutar
Selfoss .....	kr. 4 494 032 000.00	72.5
Gaulverjabæjarhreppur .....	— 297 858 000.00	4.8
Hraungerðishreppur .....	— 431 929 000.00	7.0
Sandvíkurhreppur .....	— 205 429 000.00	3.3
Skeiðahreppur .....	— 420 915 000.00	6.8
Villingaholtshreppur .....	— 347 653 000.00	5.6
	<hr/>	<hr/>
	Alls kr. 6 197 816 000.00	100.0

Tölur þessar skal endurskoða á fjögurra ára bili.

#### 5. gr.

Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum félagsins hlutfallslega við gjaldskyldu, sbr. 4. gr. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

#### 6. gr.

Stjórn Brunavarna Árnessýslu skipa sjö menn. Tveir frá Selfosshreppi og einn frá hverjum hinna hreppanna. Stjórnarmenn skulu tilnefndir af sveitarstjórnnum. Þær skulu einnig tilnefna sjö varamenn og tvo endurskoðendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri B. Á., ræður slökkviliðsstjóra og eldfæraeftirlitsmann. Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur í umboði stjórnarinnar. Kjörtímabil hennar er hið sama og sveitarstjórna.

#### 7. gr.

Stjórn B. Á. skal á hverju hausti semja fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og reikna út skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaganna. Áætlanagerð þessari skal lokið a. m. k. hálfum mánuði áður en viðkomandi sveitarstjórnir ganga frá fjárhagsáætlunum sínum.

Stjórnin skal leggja fram endurskoðaða reikninga B. Á. eigi síðar en í apríl-mánuði ár hvert.

#### 8. gr.

Samningsaðilar greiða framlög sín ársfjórðungslega, fyrirfram. Endanlegt uppgjör á skiptingu kostnaðar fer fram þegar ársreikningar B. Á. liggja fyrir.

#### 9. gr.

Stjórn B. Á. skal semja brunamálasamþykkt fyrir samningssvæðið. Skal það gert í samráði við slökkviliðsstjóra, sveitarstjórnir og Brunamálastofnun ríkisins. Samþykkt þessi öðlast gildi þegar félagsmálaráðuneytið hefur staðfest hana.

#### 10. gr.

Samþykktir félagsstjórnar, sem fela í sér fjárhagsskuldbindingar, skulu því aðeins ná fram að ganga, að þær séu studdar af aðilum, sem bera meirihluta kostnaðar við rekstur félagsins.

**11. gr.**

Nú óskar samningsaðili endurskoðunar eða breytinga á samningi þessum. Skal ósk um endurskoðun gerð skriflega og send stjórn B. Á., ásamt tillögu um breytingar. Ef meirihluti stjórnarinnar samþykkir breytingar, skal breytingartillagan send sveitarstjórnunum til afgreiðslu. Breytingin tekur því aðeins gildi, að allar sex sveitarstjórnirnar samþykki hana.

**12. gr.**

Nú óskar hreppsfélag að ganga úr B. Á., og skal það þá tilkynnt stjórninni a. m. k. þremur mánuðum fyrir aðalfund. Í tilkynningunni skal greint frá ástæðum. Mál þetta skal síðan tekið fyrir á aðalfundi og reynt að finna lausn á þeim atriðum, sem liggja til grundvallar ósk um úrsögn. Náist ekki samkomulag, þá skal úrsögnin gilda frá næstu reikningsáramótum eftir aðalfundinn. Sveitarfélag, sem segir sig úr B. Á., á ekki endurkröfurétt á framlagi sínu í stofnkostnaði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 12. gr. laga nr. 55 22. maí 1969, um brunavarnir og brunamál, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. desember 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**REGLUGERÐ****um gatnagerðargjöld í Bolungarvík.****1. gr.**

Húseigendur í Bolungarvík skulu greiða til bæjarsjóðs Bolungarvíkur gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar pr. m<sup>3</sup> eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	3%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	2%
Tveggja hæða íbúðarhús .....	2%
Fjölbýlishús .....	0.8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	1.8%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði .....	1.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

**2. gr.**

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.

**3. gr.**

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir: Fyrsta greiðsla, sem nemur 40% gjaldsins, greiðist, er bundið slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu.